

Umhverfisstofnun
Áb. *KG*
03 MAI 2005
50
TILN *UST20050400059*

Nefndasvið Alþingis
samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



UST

Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun er fulltrúi Alþingar í Reykjavík

Postbústaður 101
101 Reykjavík, Ísland

Tel. +354 591 2000

Fax +354 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

29. apríl 2005

Skjalanúmer: 50

Tilvísun: UST20050400059/KG

Frumvarp um breytingu á lögum um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, 698. mál

Vísað er til erindis samgöngunefndar, dags. 7. apríl sl., þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp um breytingu á lögum um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, 698. mál.


Sífelld stærri hluti fólks- og farmflutninga fer fram á vegum landsins, jafnt meðfram ströndum sem á hálendi Íslands. Umhverfisstofnun telur einkar mikilvægt að um þá flutninga gildi samræmdar reglur og að greinin sæti ákveðnu eftirliti, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Umhverfisstofnun lýsir í megindráttum yfir stuðningi við frumvarpið. Stofnunin bendir þó á að ekki er fjallað um flutning á hættulegum farmi, eða ákvæði þess efnis að bílstjórar skuli hafa sérstök leyfi og þekkingu á mengunarhættu af völdum slíks farms, hvort sem er í þökkuðu formi eða í lausu. Umhverfisstofnun telur að um margt hefði verið vænlegt í frumvarpinu að vísa sérstaklega til ákvæða um flutning á hættulegum varningi, t.d. í 50., 60. og 73. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. og reglugerð nr. 984/2000, með síðari breytingum.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir breytingum á öðrum lögum. Stofnunin bendir t.d. á að í umferðarlögum nr. 50/1987, er iðulega fjallað um fólks- og vöruflutninga. Telur stofnunin eðlilegra að gætt yrði samræmis við framlagt frumvarp og í lagatextum verði vísað til fólks- og farmflutninga.

Virðingarfyllst,


Davíð Egilson
forstjóri


Sigurbjörg Gísladóttir
forstöðumaður